


Hagstæð þróun veiðimála

Öðum styttist í aldamótin og því ekki úr vegi að horfa til baka og athuga það sem hefur verið að gerast í veiðimálum. Stórfelld breyting hefur orðið á seinni hluta aldarinnar frá því sem var áður, hvað varðar veiðifyrirkomulag á laxi og göngusilungi og í tekjuöflun vegna þessara hlunninda.

Þrátt fyrir að stangaveiði hafi hafist hér á landi eftir miðja seinustu öld, fyrst og fremst fyrir tilverknad enskra veiðimanna, sem hingað lögðu leið sína, komst ekki verulegur skriður á þátttöku landsmanna í stangaveiði í ám og vötnum hér á landi fyrr en eftir heimstyrjöldina seinni, 1939-1945. Stangaveiði Íslendinga hefur vaxið stöðugt seinustu 50 ár. Nýlega hélt elsta og öflugasta stangaveiðifélagið, sem nú er starfandi, Stangaveiðifélag Reykjavíkur, upp á 60 ára afmæli sitt. Félagið telur 2.300 félagsmenn og leigir SVFR um 15 veiðisvæði víðsvegar um land. Það hefur til ráðstöfunar



6.600 stangaveiðidaga á þessu sumri fyrir lax og silung og er með stærsta stangaveiðipottinn hér á landi.

Stangaveiði ört vaxandi

Á þessum seinni aldarhelmingi hefur stangaveiði því vaxið hröðum skrefum og nær það til allra þjóðfélagsþópa sem rekja má m.a. til almennra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa á þessum tíma. Er því nú svo komið að stangaveiðin er sú veiðiaðferð sem beitt er í langflestum straumvötnum landsins en netaveiði verið aflögð. Jafnframt komu silungsámar með sjóbirting og sjóbleikju til sögunnar sem skemmtilegar stangaveiðiár, þar sem víða

var áður stunduð netaveiði og ádráttur, eins og í Vestur-Skaftafellssýslu.

Laxalagnir týna tölunni

Seinustu vatnsföllin, þar sem netaveiði á laxi og göngusilungi var viðhöfð í rikum mæli, eru Hvitársvæðið í Borgarfirði, Ölfusá og Hvítá í Árnessýslu og Þjórsá, en í Þjórsá er eingöngu unnt að veiða lax í net. Netaveiðin fyrir lax í Hvítá í Borgarfirði hefur um margra ára skeið verið keypt upp með sérstökum samningi milli netabænda og bænda við hliðarar Hvítár, sem ráðstafa veiðinni til stangaveiðimanna. Þá hefur verulega dregið úr netaveiði á vatnasvæði Ölfusár frá því sem áður var og stangaveiði tekin upp í staðinn. Þá hafa allar sjávarlagnir til laxveiði verið keyptar upp með frjálsum samingum við eigendur þeirra að frumkvæði Félags um uppkauplaxalagna í sjó, sem nær til Faxaflóasvæðisins, og Norður-Atlantshafslaxasjóðsins, sem Orri Vigfússon, veitir forustu. Þá hefur laxalögn í sjó í Vopnafirði verið tekin upp og lögð til nærliggjandi ár með sérstökum samningi og fær sjávarveiðijörðin arðshlut í tekjum af laxveiðiánni. Er því loksins komið til fullra framkvæmda eitt mikilvægasta ákvæði laganna frá 1932 um bann við laxveiði í sjó.

Veiðilöggjöfin lagði grundvöllinn

Fullyrða má, að grundvöll þessarar hagstæðu þróunar megi þakka setningu lax- og silungsveiðilaganna 1932. Sú félagslega uppbygging með stofnun og starfsemi veiðifélaga, sem veiðilögin gerðu ráð fyrir meðal annars, er tvímælalaust



Fossinn Glanni í Norðurá í Borgarfirði.

(Ljóm. Einar Hannesson).

lykillinn að velgengni okkar á þessu sviði. Og vist er að veiðifélögin hafa átt mjög marga góða forystumenn. Þá er einnig vert að minna á mikilvægan þátt í hinni hagstæðu þróun en það er hlutur stangaveiðifélaga og annarra klúbba stangaveiðimanna, annarra leigutaka og umboðsmanna við sölu veiðileyfa innanlands og erlendis. Félög eða klúbbar stangaveiðimanna hafa starfað víða í þéttbýli og átt góð samskipti við veiðifélögin og aðra, sem fara með veiðiréttindi í ám og vötnum, og lagt mjög margt mjög gott af mörkum í þessu efni.

Þó að Íslendingar hafi fyrst og fremst haslað sér völl á sviði stangaveiði í ríkum mæli á seinni hluta þessarar aldar, eru til dæmi um langa stangaveiðihéð, eins og í ánum í Borgarfirði, sem fyrr var getið um. Á seinni árum hafa útlendir veiðimenn í vaxandi mæli lagt leið sína hingað til lands til veiða enda aðbúnaður og aðstaða hér fyrsta flokks, að dómi þeirra sem best til þekkingu í þessari grein ferðaþjónustu. Má benda á grein eftir höfund þessa spjalls í 10. tbl. Freys, 1996 um þetta efni sérstaklega.

Hafbeit til stangaveiði

Þá hefur ýmislegt athyglisvert og spennandi verið að gerast í sambandi við ræktun og nýtingu vatnsvæða til laxveiða. Það nýmæli var tekið upp sem nefnt hefur verið „hafbeit til stangaveiði“ og eru Rangárnar orðnar þekktastar fyrir þá aðferð, sem skilað hefur metlaxaveiði á svæðinu. Í Rangánum hefur lengst af ekki verið um laxveiðihéð að ræða því að sjóbirtingur og bleikja voru þar nær allsráðandi en vottur var þar af laxi. Þeir fiskstofnar höfðu fyrr á árum orðið fyrir þungum búsigfum vegna umbrota í Heklu og má sérstaklega nefna gosið 1947 sem hófst í mars það ár. Það olli verulegu tjóni á svæðinu. Þá barst mikið af ýmsum gosefnum, eins og vikri í Eystri-



Laxastigi hjá Lagarfossi, neðsti hluti.

(Ljós. Einar Hannesson).



Veiðihús við Sveðjufoss í Langá í landi Grenja, byggt af enskri konu, frú Kennard, árið 1927 og því í tölu elstu veiðihúsa. Nú í eigu Péturs Snælands.

(Ljós. Einar Hannesson).



Ólafur H. Ólafsson veiðir í Fossinum í Elliðaánum. Veiðihús í baksýn.

(Ljós. Einar Hannesson).



Fnjóská í Dalsmynni.

(Ljósmynd. Einar Hannesson).

Rangá og gætti þess um langt árabil.

Nú hefur um 5 ára skeið verið árviss mjög góð laxveiði í Rangánunum. Þessi velgengni byggir á árlegri sleppingu gönguseiða af laxi í ríku mæli í árnar og endurheimtu fullvaxinna laxa úr sjó. Tekjur af svæðinu hafa skipt tugum milljóna króna í sölu veiðileyfa og annarrar sölu á hendi ferðaþjónustu á svæðinu. Þessi árin er því laxveiðihæðin að festa rætur í Rangárþingi. Verður fróðlegt að fylgjast með framhaldinu.

Dýrmæt auðlind

Verðmæti laxveiði til stangaveiði hér á landi liggur í beinni sölu veiðileyfa, auk þess sem seld er ýmiss konar þjónusta, bæði á veiðistað og hjá öðrum aðilum ferðaþjónustu í landinu til og frá veiðistað. Kannanir hafa verið gerðar á verðmæti stangaveidds lax og gefa niðurstöður frá þeim til kynna að verðmæti hafi numið um 550 millj. kr. á árinu 1998, sé gengið út frá meðaltali fimm seinustu ára í laxveiði. Árlega þjóðhagslega verðmætið er auð-

vitað mun herra en árlega verðmætið og gæti numið um 2,0 til 2,5 milljörðum kr. Sé aðferð Fasteignamats ríkisins til skattlagningar þessara hlunninda notuð, verður höfuðstóll slíkra hlunninda í landinu með stangveidda laxinn um 5,5 milljarðar króna.

Hér er því um mikil verðmæti að ræða og því auðlind sem ber að vernda og umgangast með skynsamlegum hætti.

Ný öld - aukin tækifæri

Af framangreindu er ljóst að scinni aldarhelmingur aldarinnar hefur verið viðburðaríkur í veiðimálum. Hann hefur skilað okkur mjög góðum árangri í bætri og hagfelldri nýtingu lax- og göngusilungsstofna í ám landsins.

Næsta verkefnið, sem bíður okkar í upphafi næstu aldar, er að nýta betur silungsstofna í stöðuvötnum landsins til stangaveiði og reyndar netaveiði, því að víða eru silungsstofnar vannýttir. Bæta þarf aðgengi að vötnunum og aðstöðu við þau fyrir stangaveiðimenn. Í því efni er víða óþægðir akur, en sú reynsla sem fengist hefur á þessu sviði sýnir svo að ekki verður um villst að möguleikar okkar eru miklir á þessu sviði.

Landbúnaður, óðalserfingi eða olnbogabarn.

Frh. af bls. 4.

Fleira mætti nefna, svo sem smit af völdum Salmonella og fleiri sjúkdóma.

Alla þessa þætti og fleiri má rekja í meiri eða minni mæli til síharðnandi rekstrarskilyrða í landbúnaði sem tengjast vaxandi markaðshyggju og aukinni samkeppni.

Við þessu hefur verið brugðist með því að svokallaður lífrænn landbúnaður hefur fengið byr í seglin og í kjölfar þess margvísleg vottun á framleiðsluferli matvæla. Þar stendur íslenskur landbúnaður vel að vígi vegna þeirra aðstæðna sem hér ríkjá, svo sem kaldtempraðs loftslags og fjarlægðar frá mengunaruppsprettum.

Áður er komið fram að ætla megi að fæðuframboð í heiminum muni fullnægja eftirspurn og kaupgetu næstu 10-15 árin. Eftir það er allt óljósara um útlitið. Þó eru að álitu stofnana sem um þau mál fjalla, opinberra sem ann-

arra, þar ýmsar blikur á lofti. Þar má nefna hraða fjölgun jarðarbúa, harðnandi baráttu milli þéttbýlis og iðnaðar, annars vegar, og landbúnaðar, hins vegar, um ferskvatn, aukna seltu í jarðvegi, tap á jarðvegi vegna jarðvegseyðingar og hugsanlegar breytingar á veðurfari vegna hlýnunar af völdum gróðurhúsáhrifa.

Allir þessir þættir og fleiri leiða líkur að því að bújarðir sem hafa horfið úr byggð eða eru að leggjast í eyði vegna þess hvar þær eru staðsettar á norðlægum breiddargráðum eða hátt yfir sjó, verði aftur byggðar og gegni sínu forna hlutverki á ný.

E.t.v. má segja að þetta sé lítil huggun þeim sem nú berjast í bökkum. Hins vegar er það offramleiðslutímabil sem nú hefur staðið í um fjóra áratugi algjört undantekningartímabil í sögu mannkyns. Óvarlegt er að trúa því að það verði varanlegt. Ef eða þegar það herðir að verður það fæðuöflunin sem hefur forgang.

M.E.